

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulag fyrir Svínhóla í Lóni.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti deiliskipulag fyrir Svínhóla í Lóni á bæjarstjórnarfundi þann 8. október 2020.

Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru skipulag 59 ha svæðis fyrir uppbyggingu 203 gesta hótels og þjónustubygginga fyrir tengda starfsemi, svo sem heilsurækt og spa, veitingastað, starfsmannaíbúðir o.fl. auk 20 einbýlishúsa og umhverfismat deiliskipulagsins.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 5. janúar 2021.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri.